

## 2. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2021

**Fundur haldinn í Safnahúsinu Eyrartúni, miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 17:00**

**Mætt voru:** Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Hlynur Reynisson, Jónas Gunnlaugsson og Sólrún Geirsdóttir.

### 1. Covid-styrkurinn. Tillaga að skiptingu þeirra peninga

Búið er að greiða húsaleigureikningana fyrir 2019. Rætt um að lottótekjurnar færu í að greiða skuldina fyrir 2020. Rætt var um að skipta eftir iðkendafjölda. Knattspyrna: aðeins meistaraflokkur er með íbúðir. Þau eru búin að semja um að meistaraflokkur fái 30% og yngri flokkar 70% af þeirri upphæð sem knattspyrnudeildin fær. Karfa blandað – styrkurinn fer í leiguna. Blakið skuldar minna og hjólreiðadeildin ekkert þannig að þessar tvær deildir eiga inn pening sem þarf að greiða út. Rætt var um að skuld körfunnar verði gerð upp með framtíðarlottótekjum. Guðni falið að gera tillögu að skiptingu á Covid peningunum.

### 2. Önnur mál:

Guðfinna og Guðni mættu á aðalfund hjóladeildarinnar. Gróskumikið og skemmtilegt starf þar í gangi og má búast við að þessi nýliði í Vestra eigi eftir að bjarta framtíð fyrir sér. Guðni fór á fund knattspyrnudeildar. Deildin skilaði hagnaði upp á rúma milljón. Þar var einkum rætt um fjármál og íþróttahús. Karfan á eftir að halda aðalfund. Reikningar voru að klárast í dag. Aðalfundur blakdeildarinnar er líka eftir.

Ársskýrsluskil í Felix eru 15. apríl. Guðfinna setur inn á samráðsvettvanginn áminningu um að fara yfir iðkendalista í Felix.

Sunddeildin á 600 þús inni hjá aðalstjórn og vill Guðfinna skoða möguleikana á því að halda sumarnámskeið og þannig leitast við hafa smá starfsemi í deildinni.

Rætt um notkun á merki Vestra en nokkuð hefur verið um sölu á varningi í vetur með merki félagsins.

Aðalfundur Vestra – stefnt að því að halda aðalfund aðalstjórnar um mánaðamót apríl-maí.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10.

Fundarritari: Sólrún Geirsdóttir.